

## Störf háskólaráðs – nefndarálit

26. maí 2016

Á fundi háskólaráðs 1. nóvember 2012 voru samþykktar *Starfsreglur háskólaráðs Háskóla Íslands* en í 10. grein reglnanna er kveðið á um að ráðið setji á laggirnar nefnd sem hafi það hlutverk að leggja árlega mat á störf ráðsins á undangengnu starfsári. Meginmarkmið matsins er að rýna vinnubrögð ráðsins og leggja til umbætur í starfsháttum þess.

Á fundi háskólaráðs 14. apríl 2016 voru skipuð í nefndina Ebba Þóra Hvannberg (fulltrúi háskólasamfélagsins, formaður), Iðunn Garðarsdóttir (fulltrúi stúdenta), Jakob Sigurðsson (fulltrúi valinn af háskólaráði) og Orri Hauksson (fulltrúi valinn af mennta- og menningarmálaráðherra).

Í eftirfarandi greinargerð er lagt mat á störf ráðsins fyrir starfsárið 2015-2016. Nefndin hélt einn fund til að ræða verkefni sitt.

Nefndin er afar ánægð með starfshætti háskólaráðs. Fundirnir eru alltaf vel undirbúnir og skipulagðir. Nefndin þakkar starfsfólki í stjórnýslu sérstaklega fyrir umsjón og skipulag. Fundarstjórn er mjög markviss og umræða er ætíð opin og hreinskiptin. Nefndin þakkar forseta ráðsins fyrir góða og skilvirka fundarstjórn.

Sérstakt lokað vefsvæði sem hýsir fundargögn og önnur gögn sem styðja störf ráðsins hefur verið í notkun frá upphafi starfsárs. Vefsvæðið hefur gefist mjög vel, gögn eru aðgengileg tímanlega og auðvelt að leita að gögnum.

Nefndin vill vekja athygli á tvennu sem gæti gefið tilefni til endurbóta á starfsháttum ráðsins. Í þessu sambandi gerir nefndin ekki sérstakar tillögur að breytingum á starfsreglum en til glöggvunar er vísað í viðkomandi kafla reglnanna hér á eftir.

### 4. Aðgangur að gögnum

Almennt má segja að eftirfylgni mála hafi verið mjög góð og hefur ráðið fengið upplýsingar um stöðu mála sem hafa verið á dagskrá á fyrri fundum og eru í vinnslu. Það sama má segja um gögn sem einstaka háskólaráðsfulltrúar hafa beðið um á fundum. Alla jafna hafa þau borist án tafar. Til að bæta störf ráðsins leggur nefndin til að haldinn sé listi yfir beiðnir fulltrúa um upplýsingar sem koma fram á fundum. Síðan má uppfæra listann eftir því sem upplýsingum er dreift. Þetta myndi gera beiðnir gegnsærri og svör við þeim.

### 6. Þagnar- og trúnaðarskylda

Tilvitnun í starfsreglurnar: „Á fulltrúum í háskólaráði hvílir þagnarskylda um málefni háskólans og annað sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem háskólaráðsfulltrúar og leynt skal fara skv. lögum, eðli máls eða ákvörðun háskólaráðs.“

Eins og segir í starfsreglunum ræður m.a. eðli máls hve rík þagnar- og trúnaðarskylda háskólaráðsfulltrúa er. Í einhverjum tilfellum getur leikið vafi á hvers eðlis trúnaðarskyldan er. Því væri til bóta ef það yrði gert sýnilegra hvers eðlis hún er, með því að merkja einstaka dagskrárliði eða einstaka gögn eftir trúnaðarstigi. Önnur leið væri að biðja háskólaráðsfulltrúa að leita til forseta ráðsins ef þeir eru í vafa um trúnaðarstigið.

*Ebba Þóra Hvannberg*

*Iðunn Garðarsdóttir*

*Jakob Sigurðsson*

*Orrí Hauksson*